



<b>ÖRYGGISLEIÐBEININGAR</b> Material Safety Data Sheet (MSDS)																				
Herðir fyrir PermaPoxy 5 Min GP Epoxy <b>84201_2</b>																				
<p><b>1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.</b></p> <p>Söluheiti: PermaPoxy 5 Min Gen Purpose Epoxy Part 2 Curing Agent  Vörunúmer: <b>84201-2</b>  Notkun: <b>Herðir fyrir epoxy-efni</b>  Dreifing: <b>Bilanaust hf. Reykjavík</b>  Framleiðandi: Permatex Inc. Hartford, CT 06106 USA  Neyðarsími framleiðanda: 0 800 255 3924 (USA)  Alþjóðl. neyðarsími: 0 813 348 0585  <b>Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112</b>  Eitrunarmiðstöð Landsspítala í Fossvogi, Rvk.  <b>Sími 543 2222</b></p>	<b>Innihald:</b> 1. Söluheiti 2. Samsetning 3. Aðvörðun 4. Skyndihjálp 5. Eldsvoði 6. Efnaleki 7. Meðhöndlun 8. Hlíðarbúnaður 9. Efnaeiginleikar 10. Áhrifavaldar 11. Eiturfræði 12. Umhverfismál 13. Förgun 16. Hættulýsing																			
<p><b>2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.</b></p> <table border="1" data-bbox="178 913 1382 1081"> <thead> <tr> <th>CAS-nr.</th> <th>EB-nr.</th> <th>Efnaheiti.</th> <th>Styrkur %</th> <th>Hættufl.</th> <th>Hættusetningar</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>90-72-2</td> <td>202-013-9</td> <td>Merkaptan-pólymer- blanda</td> <td>85-95</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>2,4,6-tris(dímetylaminómetýl)-fenól</td> <td></td> <td></td> <td>1-10</td> <td>Xn</td> <td>22-36/38</td> </tr> </tbody> </table>	CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar	90-72-2	202-013-9	Merkaptan-pólymer- blanda	85-95			2,4,6-tris(dímetylaminómetýl)-fenól			1-10	Xn	22-36/38		
CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar															
90-72-2	202-013-9	Merkaptan-pólymer- blanda	85-95																	
2,4,6-tris(dímetylaminómetýl)-fenól			1-10	Xn	22-36/38															
<p><b>3. Varúðarupplýsingar.</b></p> <p><b>Eitrunarhætta:</b> Getur ert augu, húð og öndunarfæri. Getur valdið skaða ef gleppt. Inniheldur aminófenóla sem geta valdið alvarlegri ertingu og tæringu af lengri tíma snertingu. Efnið getur verið ofnæmisvaldandi. Það getur tært augnvef sem getur leitt til varanlegs augnskaða, þ.m.t. blindu. Of mikil snerting/nærvera getur ert öndunarfæri sem síðan getur leitt til lungnaskaða. Getur valdið þreytu, afleysi, andnaud og meltingartruflunum sé það gleppt. Tiltölulega lífllítt hlutfallslegur styrkur aminófenóla í efninu getur dregið úr sumum eða öllum þeim áhrifum sem hér hafa verið tíundað.</p> <p><b>Eitrunarleiðir:</b> Snerting við augu og húð, inntaka, innöndun.</p> <p><b>Merki og einkenni snertingar:</b> Augu: Snerting við vökva/gufu veldur vægri ertingu. Einkenni eru sviði í augum, tárfeilir, roði, stingir, brengluð sjón og hornhimnuskaði. Inntaka getur valdið velgju og uppköstum. Innöndun getur valdið vægri ertingu í nefgöngum, hálsi og öndunarvegi og getur leitt til truflunar á miðtaugakerfi (CNS). Roði í húð.</p> <p><b>Sjúkdómseinkenni sem geta skerpst við snertingu:</b> Einstaklingar með öndunar-erfiðleika svo sem lungnaþembu eða astma ættu að forðast innöndun gufu af efninu. Húðsjúkdómar geta elnað við snertingu.</p>																				
<p><b>4. Skyndihjálp:</b></p> <p><b>Inntaka:</b> Hafi vökvinn verið drukkinn skal EKKI framkalla uppsölur. Drekkja skal vatn eða mjólk. Leitið lækni tafarlaust.</p> <p><b>Innöndun:</b> Flytjið viðkomandi þangað sem er ferskt loft. Hafi öndun stöðvast skal beita öndunaraðstoð (munn-við munn) en súrefnisgjöf sé um öndunarerfiðleika að ræða. Leitið lækni.</p> <p><b>Framhald á bls. 2</b></p>																				

**Snerting við húð:** Fjarlægið mettaðan fatnað og skó. Þvoið svæðið með vatni og sápu. Stöðvist erting ekki skal leita læknis.

**Snerting við augu:** Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mín. Stöðvist erting ekki við skolun skal leita læknis.

#### 5. Eldsvoði: Slökkvun.

**Blossamörk:** < 149 °C

**Slökkviefni:** Vatnsúði, kolsýra, þurrduft, froða

**Slökkviaðferð:** Nota skal öndunarbúnað með tilfærðu lofti við slökkvistarf. Kælið aðliggjandi ílát með vatnsúða.

**Hættuleg niðurbrotsefni:** Nituroxíð, vetnissúlfíð, ammóníak.

**Óvenjuleg eld- eða sprengihætta:** Ertandi og eitraðar gufur geta myndast við bruna.

**Sprengimörk, lægri:** Ekki mælt

**Sprengimörk, hærri:** Ekki mælt

#### 6. Efnaleki.

**Viðbrögð:** Tryggið góða loftræstingu. Takið efnið upp með óvirku uppsuguefni. Setjið í lokað ílát og geymið til förgunar.

#### 7. Meðhöndlun og geymsla.

**Geymsla:** Geymið fjarri hita, neistagjöfum og opnum eldi. Geymið ekki við hærra hitastig en 49 °C. Geymsla skal vera köld og dimm.

**Meðhöndlun:** Forðist snertingu við augu og húð. Andið ekki gufu af efninu. Notið efnið ekki nærri hita- og neistagjöfun né opnum eldi. Hafið ílát lokað þegar ekki er verið að nota efnið.

#### 8. Persónuhlífar - forvarnir.

**Augu:** Hlífðargleraugu.

**Húð:** Hlífðarhanskar úr neopreni eða nítril.

**Loftræsting:** Tryggið viðunandi loftræstingu.

**Öndunarbúnaður:** Sé loftræstingu áfátt skal nota viðeigandi öndunarbúnað.

#### 9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

**Form:** Glær vökvi

**Lykt:** Ertandi

**Suðumark:** < 100 °C

**Sýrustig (pH):** Basískt

**Leysanleiki í vatni:** Miðlungs

**Rúmpyngd:** Ekki mæld

**Rokefnainnihald:** Ekki mælt

**Gufuprýstingur:** Ekki mældur

**Gufupyngd (Loft = 1):** Þyngri en lofts

**Rokhraði:** <1 (bútýlasetat = 1)

**10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).****Stöðugleiki:** Stöðugt.**Hættuleg fjölliðun:** Gerist ekki.**Efni sem valda virkni:** Getur hverfst kröftuglega með sterkum oxunarefnum, ólífrænum sýrum og sterkum minerölum og lífrænum bösum, sérstaklega ein- og tvígildum alifatískum amínum. Hvörfun með sumum herðum gefa frá sér töluverðan varma.**Aðstæður sem ber að forðast:** Hiti.**Hættuleg niðurbrotsefni við eld eða hita:** Nituroxíð, vetnissúlfíð, ammóníak.**11. Eiturfræðileg atriði. (sjá kafla 3)****12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.** Engar upplýsingar um skaðsemi.**13. Förgun.** Efninu og tæmdum umbúðum þess skal farga í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðferð iðnaðarúrgangs í viðkomandi sveitarfélagi. Efnið flokkast ekki sem hættulegt úrgangs- eða spilliefni.**14. Flutningur:** DOT: (49CFR 172)**Landflutningur:**

Heiti flutningsflokks (DOT): Frjálst

Hættuflokkur: Enginn

UN/ID Nr. Ekkert

Spilliefni í sjó: Ekki

**Lofflutningur (IATA):**

Rétt heiti flutningsflokks: Ekki skráð

Flokkur eða deild: Enginn

UN/NA Nr. Ekkert

**IMDG:** Rétt heiti flutningsflokks: Ekki skráð

Hættuflokkur: Enginn

UN Nr. Ekkert

**15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.**

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

**Varnaðarmerking:** Xn, Hættulegt heilsu.**Inniheldur:****Hættusetningar:** **H22** Hættulegt við inntöku.**36/38** Ertir augu og húð.**Varnaðarsetningar:** **V26** Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.**V28** Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu vatni.**Ath.** Upplýsingar sem gefnar eru í þessum öryggisleiðbeiningum eiga einungis við efnið Permatex 84201 (Herðir fyrir 5 min GP Epoxy) innan þessa forms. Athygli notanda er vakin á því að til kunni að vera meiri upplýsingar sem eiga við efnið. Taka skal tillit til allra viðeigandi alþjóðlegra og innlendra**Framhald á bls. 4**

reglna annarra sem kunna að eiga við þar sem efnið er notað.

Íslensk sérlög og/eða reglur sem gilda um meðferð kemískra efna:

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafæðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

**16. Aðrar upplýsingar:**

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt NFPA (USA):

**Hætta gagnvart heilsu:** Flokkur 2. Efni sem getur við mikla eða ítrekaða snertingu valdið tímabundnum veikindum eða meiðslum séu ráðstafanir ekki gerðar í tíma.

**Eldhætta:** Flokkur 1. Efni sem þarfnast forhitunar til að íkviknun geti átt sér stað.

**Hætta á efnahvörfum:** Flokkur 0. Efni sem eru stöðug, jafnvel við bruna og sem hverfast ekki með vatni.

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt HMIS (USA):

**Eitrunarhætta:** Flokkur 2. Lítilsháttar.

**Eldhætta:** Flokkur 1: Lítilsháttar.

**Hætta á heilsutjóni:** Flokkur 0: Nánast engin.

Síðasta endurskoðun útgáfu: 9.3.2004. Endurskoðuð útgáfa Nr. 1

**Unnið af:** Denise Boyd, Health and Safety Manager. PermatexInc. CT. USA.

**Sími:** 0-877 376 2839 (1-87 Permatex).

Dagsetning þýðingar: 14.10.2004

Ofangreindar upplýsingar eru, samkvæmt bestu vitund, réttar en ber ekki að líta á sem

tæmandi og skulu einungis hafðar til hliðsjónar. Permatex Inc. er ekki ábyrgt að lögum fyrir nokkrum skaða sem kann að verða vegna meðferðar eða snertingar við það efni sem þessar öryggisleiðbeiningar taka til.

Bílaust hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu, sem kann að stafa af rangri notkun þess, með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins.

Frumheimild: Material Safety Data Sheet, Permatex Item 84201.

Þýtt og uppsett fyrir Bílaust hf. í október 2004:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélataeknifræðingur, Reykjanesbæ.